

2. október 2012

Stefna Hafnarfjarðarhafnar í ferðamálum. Umsögn hafnarstjórnar Hafnarfjarðar.

Hafnarstjórn fagnar því að Hafnarfjarðarbær skuli setja sér stefnu í ferðamálum.

Hafnarfjarðarhöfn tengist flestum viðburðum í sögu Hafnarfjarðar frá upphafi Íslandsbyggðar og segja má að bærinn hafi þróast út frá höfninni og vegna hafnarinnar. Höfnin tengist miðbæ og helstu umferðarleiðum. Það felast ótal tækifæri í landfræðilegum og sögulegum arfi hafnarinnar og Hafnarfjarðar. Það eru sömuleiðis ótal tækifæri fólgin í að efla ferðaþjónustuna í Hafnarfirði, í samvinnu við og fyrir tilstuðlan hafnarinnar.

Hafnarfjarðarhöfn telur að styrkja þurfi ímynd hafnarinnar, sem myndi um leið, styrkja ímynd Hafnarfjarðarbæjar. Góð ímynd rennir stoðum undir þær væntingar sem bærinn gerir til hafnarinnar og árangurs í starfi því sem þegar er hafið, þ.e. að efla ferðaþjónustuna í Hafnarfirði og tengdar greinar.

Hafnarfjarðarhöfn leitast eftir því í orði og starfi, að skapa ferðaþjónustunni og tengdum greinum, skilyrði til þess að tengjast og þróast í nálægð hafnarinnar, með því m.a. að sjá til þess að umhverfi hafnarinnar og að þjónusta sé til ávallt til fyrirmyndar. Hafnarfjarðarhöfn, hefur og getur stutt við og eflt viðburði, afþreyingu, menningu, verslun, gistingu og annað það sem tengist ferðaþjónustu almennt og ímynd bæjarins sérstaklega.

Hafnarfjarðarhöfn er elsta höfn landsins, fremst meðal hafna bæði er varðar náttúruvernd og feegurð. Höfnin er aðlaðandi staður sem margir vilja heimsækja og órofa tengd bænum og sögu hans. Hafnarfjarðarhöfn gæti hæglega orðið fyrirmynd og ímynd bæjarins.

Eftirfarandi umsögn hafnarstjórnar lýtur fyrst og fremst að ferðamálum er snúa að höfninni, en lætur öðrum eftir umsögn um önnur atriði.

Hafnarstjórn leggur á það áherslu að Hafnarfjarðarbær komi að móttöku skemmtiferðaskipa með þeim hætti að gera bæinn ferðamannavænan og taka þátt í kynningum á bænum gagnvart farþegum skemmtiferðaskipa, sem og öðrum ferðamönnum.

Hafnarstjórn leggur til að Norðurbakkinn verði miðstöð hafsækinna ferðaþjónustu svo sem hvalaskoðun, sjóstangaveiði ásamt örðum skemmtisiglingum.

Flensborgarhöfn verði staður útiveru, menningar (matar og drykks), afþreyingar, hafsækinna ferðaþjónustu, svo sem siglinga, fisks í víðum skilningi, fiskmarkaðar, samveru og fleiru. Endurskoða þarf skipulag svæðisins með tilliti til þessa.

Strandstígurinn meðfram höfninni verði tengur hafnarsvæðinu og virkjaður enn betur en nú er með upplýsingum og fróðleik. Virkja má bogann framan við Fjörð m.a. með upplýsingum á rafrænu formi.



Minnisvarðinn um fyrstu Lúthersku kirkjuna á Íslandi er orðinn vinsæll áfangastaður ferðaþjónustufyrirtækja með erlenda ferðamenn.

Flókavarðan á Hvaleyri er efniviður í sagnaferðamennsku, þar sem tvinnuður er saman fróðleikur, saga og ekki síst að nýta hana til eflingar tengsla Hafnarfjarðarvið Noreg, Norðmenn og aðra víkinga.

Í Hvaleyrarlóni og skýlunum við það geta verið óþjótandi möguleikar á uppbyggingu ferðatengdrar þjónustu, svo sem fuglaskoðun, handverk, söfn ofl.

Áhafnir erlendra skipa, sem koma til Hafnarfjarðar, eru áhugaverður markhópur fyrir ferðaþjónustuna. Ferðamálayfirvöld kanni hvernig byggja má upp áhugaverða þjónustu við þesa ferðamenn.

Til að tryggja velgengi ferðamennsku tengda höfninni þarf að auðvelda aðgengi þeirra, endurskoða og bæta merkingar og leiðbeiningar.

Almennt er spurning hvernig skráningu ferðamanna verður háttað, til að fylgjast með árangrinum af skipulagsstarfinu.

Samþykkt á fundi hafnarstjórnar þriðjudaginn 2. október 2012.